

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2003 frá 20. júní 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/210/EB frá 25. mars 2003 um tímabundna markaðssetningu fræs tiltekinna tegunda sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/401/EBE ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/244/EB frá 4. apríl 2003 um tímabundna markaðssetningu tiltekins sáðkorns af tegundinni *Triticum aestivum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/402/EBE ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/984/EB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

- „23. **32003 D 0210:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/210/EB frá 25. mars 2003 um tímabundna markaðssetningu fræs tiltekinna tegunda sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/401/EBE (Stjtið. EB L 80, 27.3.2003, bls. 25).
24. **32003 D 0244:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/244/EB frá 4. apríl 2003 um tímabundna markaðssetningu tiltekens sáðkorns af tegundinni *Triticum aestivum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar ráðsins 66/402/EBE (Stjtið. EB L 89, 5.4.2003, bls. 39).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, p. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 51, 9.10.2003, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 80, 27.3.2003, bls. 25.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 39.

2. gr.

Texti ákvarðana 2003/210/EB og 2003/244/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes
M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.